

Reglur félagsmiðstöðvar Dalabyggðar

1.gr.

Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Auðarskóla og heitir **GILDRAN**.

2.gr.

Félagsmiðstöðin er á vegum Auðarskóla.

3.gr.

Félagsmiðstöðin er fyrir 10 til 16 ára ungmenni í Auðarskóla, þ.e. fyrir nemendur í 5. til 10. bekk skólans.

4.gr.

Árlega skal vinna fjárhagsáætlun fyrir félagsmiðstöðina. Drög að fjárhagsáætlun skal vera tilbúin fyrir lok september ár hvert og lögð inn til Dalabyggðar.

5.gr.

Félagsmiðstöðin er aðili að Samfés sem frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi mynda.

6.gr.

Í fyrstu viku september ár hvert skal kjósa þrjá fulltrúa úr hópungi ungmenna 14 til 16 ára í félagsmiðstöðvarráð.

7.gr.

Starfsfólk félagsmiðstöðvar ásamt félagsmiðstöðvarráði skipuleggja starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í samráði við ungmennin og skólustjóra. Við sérstök tækifæri eða viðburði skal kalla foreldra/forráðamenn til félagsstarfsins svo sem vegna gistingu eða ferðalaga innan héraðs eða milli héraða. Fáist ekki tiltekinn fjöldi foreldra/forráðamanna til þjónustu skal viðburður falla niður.

8.gr.

Öll neysla áfengis og annarra vímuefna, þar með talið nikótíns og rafretta, er með öllu óheimil í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Foreldrum/forráðamönnum verður gert að sækja ungmennið ef slík brot koma upp.

9.gr.

Allir orkudrykkir eru bannaðir. Orkudrykkir verða gerðir upptækir og verða aðeins afhentir foreldrum/forráðamönnum.

10.gr.

Gæta skal jafnræðis í notkun tækja og búnaðar félagsmiðstöðvarinnar og starfsfólk skal vinna gegn yfirgangi eða einokun einstaklinga eða hópa á einstökum tækjum eða búnaði félagsmiðstöðvarinnar.

11.gr.

Ungmennni sem sækja félagsmiðstöðina eiga að virða alla einstaklinga, ungmenni, gesti og starfsfólk. Þeir bera ábyrgð á gjörðum sínum og starfsfólk hefur fullan rétt til að stoppa alla vafasama og/eða óviðeigandi hegðun.

12.gr.

Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar bera ábyrgð á ungmennum á ferðalögum á vegum hennar. Á ferðalögum er ætlast til að ungmenni taki þátt og séu viðstödd viðburði og dagskrá á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Ef ungmenni ætlar að fara eitthvað annað tímabundið þá verður það að vera gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Ef ungmenni verður uppvíst að neyslu vímuefna í ferð þá verður það sent heim á kostnað foreldra/forráðamanna.

13.gr.

Foreldrar/forráðamenn skulu senda inn undirritað leyfisbréf vegna stærri viðburða og ferðalaga óski starfsfólk þess. Án leyfisbréfs getur ungmenni ekki tekið þátt í viðburði eða ferðalagi sem óskað er eftir leyfisbréfi fyrir. Í leyfisbréfi komi fram upplýsingar um ungmennið, foreldra/forráðamenn og símanúmer. Foreldrar/forráðamenn gæti þess að hægt sé að ná til þeirra jafnt á nóttu sem degi gegnum símanúmer í leyfisbréfi.

14.gr.

Ef ungmenni sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar í Auðarskóla eða taka þátt í ferðalögum hennar verða uppvísir að ofbeldi, einelti, þjófnaði eða skemmdaverki verður haft samband við foreldra/forráðamenn og yfirmenn félagsmiðstöðvar. Þaðan verður unnið úr málunum. Ef eitthvað af ofangreindu gerist í ferð eða viðburði hjá félagsmiðstöðinni skal viðkomandi ungmenni sótt af foreldri/forráðamanni eða sent heim á kostnað foreldra/forráðamanna.

15.gr.

Ef ungmenni brýtur ítrekað gegn reglum þessum eða veldur ítrekað vandræðum eða truflunum í starfi félagsmiðstöðvarinnar skal óska eftir fundi með foreldrum/forráðamönnum, skólastjóra og starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar.

16.gr.

Starfsfólki ber að skrá alla óviðeigandi hegðun ungmennis í félagsmiðstöðinni á viðeigandi skráningarblað sem Auðarskóli leggur til. Slík skráning er gerð undir nafni viðkomandi ungmennis og lýtur trúnaði. Skráningar um óviðeigandi hegðun ungmennis í félagsmiðstöð eru varðveittar í möppu félagsmiðstöðvar í læstum skjalaskáp sem trúnaðargagn.